

Skólasetning Myndlistaskólans í Reykjavík þriðjudaginn 18. ágúst 2020

Kæru nemendur

Með þessum tölvupósti býð ég ykkur hjartanlega velkomin til náms við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Setningarræða þessa hausts miðar eingöngu að því að miðla til ykkar upplýsingum um það skipulag sem við höfum ákveðið að verði á skólastarfinu fyrst um sinn til þess að lágmarka hættu á því að stórir hópar innan skólans verði sendir í sóttkví. Ég mæli eindregið með því að þið geymið þennan póst á góðum stað en þessar reglur gilda þar til annað verður tilkynnt. Við fylgjum að sjálfsgöðu leiðbeiningum yfirvalda. Kjarninn í þeim er að:

- takmarka smitleiðir og samneyti meðal nemenda og starfsmanna,
- veikir nemendur og starfsmenn koma ekki í skólann,
- viðhafa gott hreinlæti og sóttvarnir.

Mikilvægast er að virða fjarlægðarregluna og að hver og einn gæti að sínu eigin hreinlæti og smitvörnum. Í framhaldsskólum skal fjarlægðin vera að lágmarki einn metri á milli einstaklinga. Við höfum raðað upp í stofur miðað við það en í flestum stofum er bilið talsvert meira. Það er á ykkar ábyrgð að halda ykkur á ykkar vinnustöð og passa upp á að hún sé á sínum stað.

Veikindi: Ef þið eruð veik þá sendið þið skólanum skilaboð og haldið ykkur heima. Hafið samband við heilsugæslustöð ef þið hafið minnsta grun um covid.

Aðgengi: Skólinn skiptist í sóttvarnarsvæði og ekki er heimilt að fara á milli svæða. Nemendur á listnámsbraut og í fornámi halda sig eingöngu austan við stigaganginn (á hægri hönd þegar komið er upp stigann), bæði á 2. og 3. hæð hússins. Nemendur á myndlistarbraut og í diplómanámi ganga inn um aðalinngang skólans sem er til vinstri á 2. hæð. Stofa myndlistarbrautar er við hlið skrifstofunnar en keramikið er innst inni á 2. hæð. Nemendur í teikningu, málalalist og textíl ganga upp á 3. hæð um stigann inn af matsalnum. Gangar eru eingöngu til þess að fólk geti komist milli svæða. Ekki stoppa á göngunum. Farið rակleitt í ykkar stofu.

Salerni er að finna á öllum sóttvarnasvæðum. Þið notið eingöngu það salerni sem er inni á ykkar svæði.

Stofur eru læstar með talnalásum. Þið fáið ykkar kóða uppgefna hjá námsbrautarstjórum þegar þið mætið. Vinsamlegast hjálpið okkur að halda kóðunum leyndum og gætið að því að dyr standi ekki opnar til þess að óviðkomandi einstaklingar eigi ekki greiða leið inn í stofur.

Húsið er vaktað á nóttunni og allar dyr að skólanum eru með tímastilltum lásnum sem fara af fyrir kl. 8:00 virka daga og aftur á kl. 17:00. Fljótlega verður klukkunni breytt og ykkur leyft að vera lengur í húsinu. Það verður tilkynnt sérstaklega.

Aðalskrifstofa skólans á 2. hæð er opin milli 9:00-12:00 og 13:00-17:00 virka daga nema föstudaga en þá lokum við kl. 16:00.

Sóttþreinsun og handþvottur: Sápuskammtarar eru við alla vaska og sprittbrúsar eru í stofum og á göngum sem þið notið eftir þörfum. Einnig brúsar með sóttþreinsilegi sem þið úðið yfir snertifleti þegar þið notið aðstöðu innan skólans sem er samnýtt með öðrum hópum, s.s. í bóklegum kennslustofum, ljósmyndaaðstöðu, tölvustofu, matsal (þau ykkar sem hann notið) og á bókasafni (sérstakar reglur gilda um bókasöfn sem bókaverjur okkar kynna ykkur). Hreingerningafólk skólans sóttþreinsar þessi svæði eins ört og þau koma því við en við mælumst til þess að þið byrjið á að sóttþreinsa aðstöðuna og spritta hendurnar áður en þið hefjist handa við ykkar vinnu. Úðið úr brúsanum og látið þorna. Ekki þurrka flötinn.

Grímur: Sóttvarnalæknir mælist ekki til þess að skólayfirvöld fari fram á að nemendur séu með grímu en skólinn mun sjá kennurum fyrir grímu sem þeir nota þegar kennslan útheimtir nánd við nemendur. Ykkur er að sjálfsgöðu frjálst að bera grímu ef þið kjósið það. Kynnið ykkur hvað sóttvarnalæknir hefur að segja um notkun á andlitsgrímum:

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item42254/Lei%C3%B0beiningar.%20HI%C3%ADf%C3%B0argrimur_30.07.2020.pdf

Meðferð áhalda og tækja: Hver og einn þarf sjálfur að eiga öll helstu áhöld og tæki sem hann notar og lánað ekki öðrum til að minnka hættu á smiti. Á skrifstofunni er hægt að kaupa blýanta, pensla, málarateip, skissubækur, dúkahnífa, keramikáhöld og önnur verkfæri sem þið þurfið að nota. Við kaupum þessar vörur á heildsöluverði og seljum ykkur á sama verði. Vinsamlega munið eftir reglum um fjarlægð milli manna þegar þið heimsækið skrifstofuna.

Staðnám/fjarnám: Við leggjum höfuðáherslu á að geta kennt verklegar greinar í staðnámi. Bókleg kennsla fer venjulega fram í fyrirlestrastofum en á meðan

strangar reglur gilda um fjarlægð milli einstaklinga leysum við mál með því að kenna í heimastofu, jafnvel að hluta á netinu. Við færum okkur svo aftur inn í hefðbundið umhverfi þegar það verður hægt.

Frímínútur og matarhlé: Við venjulegar kringumstæður bönnum við neyslu matar og drykkja í kennslustofum og beinum nemendum í matsal á 2. hæð en gerum undanþágu á þeirri reglu þar til við getum aftur tekið matsalinn í notkun. Í sóttvarnaskyni förum við fram á það að þið komið með nesti í lokuðum umbúðum sem þið hafið svo aftur með ykkur heim í lok dags. Engin kaffivél er í matsalnum og ekki er leyfilegt að nota leirtau, hnífapör og áhöld í matsalnum. Við hvetjum ykkur til að koma með kaffi í brúsum og eigin bolla og hnífapör á meðan matsalurinn er lokaður.

Nemendur í málalari og keramikki munu þó þurfa að matast í matsalnum þar sem það getur verið heilsuspillandi að borða innan um þau efni sem notuð eru í kennslustofunni. Þessir hópar mega ekki nota leirtau eða önnur áhöld úr eldhúsi skólans frekar en aðrir hópar. Matsalurinn skiptist í tvennt. Nemendur borða sjávarmegin, kennarar og starfsfólk skrifstofu borða þeim megin sem eldhúsinnréttingin er.

Sorp: Við flokkum sorp og förum fram á það við ykkur að þið vandið ykkur við flokkunina. Matarafgangar og matvælaumbúðir fara heim eins og fyrr er sagt.

Skólagjöld: Þið ættuð öll að vera búin að fá sendan greiðsluseðil fyrir skólagjöldum. Ef þið viljið skipta þeim niður á fleiri en einn seðil skuluð þið hafa samband við Ínu sem fyrst á ina@mir.is svo ekkert fari í innheimtu að óþörfu.

Net og prentaðstaða: Í skólanum er þráðlaust net. Aðgangurinn heitir MIR-nemendur og aðgangsorðið MIR-nemendur121. Aðstaða til prentunar er á 3. hæð en á meðan við búum við þessar þröngu skorður er ekki hægt að prenta út í skólanum. Ljósritunarherbergi á 2. hæð er eingöngu fyrir starfsfólk skólans.

ADOBE Creative Cloud: Við erum með skólaáskrift að ADOBE Creative Cloud sem inniheldur nýjustu útgáfu af öllum helstu forritum til myndvinnslu (Photoshop, InDesign, Illustrator, LightRoom, AfterEffect, PremierPro, DreamWeaver, Bridge, Audition, Acrobat). Þið getið keypt aðgang að pakkanum hjá okkur á meðan þið eruð í skólanum. Gjaldið er 8.000 kr. fyrir árið sem er bara pínulítið brot af því sem pakinn kostar fullu verði. Við hvetjum ykkur því til að notfæra ykkur þetta tilboð. Sigurjón Gunnarsson tæknistjóri skólans sendir ykkur póst á næstu dögum og kynnir fyrirkomulagið á afgreiðslunni.

Tækjalán: Venjulega sér Sigurjón einnig um að lána út myndavélar og önnur tæki. Við erum í sömu stöðu hvað það varðar og flest annað að fyrst um sinn eru öll útlán útilokuð. Vonum að það lagist sem fyrst.

Námsráðgjöf: Anna Sigurðardóttir er námsráðgjafi. Hún hefur sambandi við alla nemendur á listnámsbraut en öðrum nemendum skólans er velkomið að hafa samband við hana í gengum netfangið namsrad@mir.is.

Kennslumat: Við gerum miklar kröfur til okkar sjálfra og höfum mikinn metnað fyrir ykkar hönd. Markmiðið er að veita ykkur sem allra besta menntun og að þið komist áfram í vinnuna eða framhaldsnámið sem ykkur dreymir um þegar þið eruð búin hér. Við erum því stöðugt á tánum að meta og endurmeta okkar eigið starf. Í því skyni er mjög mikilvægt að fá ykkar álit. Námsbrautastjórar senda rafrænar kennslukannanir við áfangalok. Yfirleitt tekur ekki nema eina eða tvær mínútur að svara þeim. Við tökum mark á ykkar athugasemdum, bæði gagnrýni og hrósi.

Nemendafélag: Þið eruð öll sjálfkrafa félagar í nemendafélagi skólans. Kjósa þarf nemendaráð þar sem hver hópur á sinn fulltrúa.

Nemendaskírteini: Skólinn gefur út skírteini sem veita afslátt í öllum helstu myndlistarvöruverslunum. Þau verða tilbúin í næstu viku. Það á ekki að koma að sök þótt þið fáið þau ekki alveg strax þar sem flest af því sem þið þurfið fyrstu vikurnar er til sölu á góðu verði á skrifstofunni.

Strætókort: Skólinn sendir nafnalista á strætó sem útbýr námsmannakort fyrir þau ykkar sem það vilja. Við hvetjum ykkur til að nota strætó eða hjóla því það er ekki alltaf auðvelt að finna bílastæði við húsið.

Í lokin koma svo nokkur lykilatriði sem gott er að hafa í huga í verklegu námi.

Mæting: Kennsla hefst strax í upphafi dags. Starfið í skólastofunni er samvinna allra sem þar vinna. Stundvísi er því mjög mikilvæg.

Ástundun: Krafa er gerð um 80% viðveru í skólanum. Lítil viðvera getur ein og sér orsakað fall en þegar hún fer niðurfyrir ákveðið lágmark þarf nemandi að vinna aukaverkefni til að sýna fram á þekkingu og uppfylla kröfur um vinnutíma að baki einingu. Þegar nemandi fellur á áfanga getur hann endurtekið hann en þar sem það útheimtir aukavinnu fyrir kennarann er nemandinn krafinn um sérstaka greiðslu. Það borgar sig því að mæta. Það er á ábyrgð nemandans að fylgjast með eigin viðveruskráningu. Veriði vakandi og kíkíð reglulega á innu.

Ekki stinga höfðinu í sandinn ef þið lendið í vandamálum með námið. Hafið strax samband við kennara eða námsbrautarstjóra og leitið lausna. Best að sleppa við aukaverkefni. Skólagjöldin duga alveg.

Umgengni: Umgengni er lykilatriði allsstaðar þar sem margt fólk gengur um. Þrif og loftgæði hanga saman. Þrifaplan hangir uppi á vegg í hverri stofu og við biðjum ykkur um að hafa í huga að ekki er hægt að þrífa borð og gólf ef verkefni nemenda eru þar fyrir. Venjið ykkur strax á að ganga alltaf frá öllu á sinn stað og safnið ekki óþarfa dóti í skólanum.

Bannað er að taka áhöld eða efni í öðrum deildum. Viljum ekki lenda í því sjálf að verkfæri og efni sé ekki á sínum stað. Eins verða allir að bera virðingu fyrir eigum samnemenda og þeim hlutum, tækjum og efni sem skólinn á, jafnvel þótt þið sjáið ekki fyrir ykkur hvert notagildi þeirra geti verið.

Sorp er flokkað og gæta þarf vandlega að því hvað sett er í vaska og niðurföll. Öllum eiturefnum er fargað sérstaklega.

Að lokum hvet ég ykkur öll til að skoða vefsíðu skólans, www.mir.is. Undir flípanum skólinn -> stefna, -> nám og -> aðstaða - ættuð þið að finna svör við flestum spurningum t.d. reglur um mætingu og námsframvindu og einkunnaviðmið skólans svo nokkuð sé nefnt. Þar er líka minnt á að skólaverkefni sem nemendur vinna undir handleiðslu kennara eru samvinnuverkefni sem skal kynna sem slík og taka fram nafn Myndlistaskólans í Reykjavík, einnig eftir að skóla lýkur.

Þetta eru skrátnir tímar, það eina sem er víst er að allt er óvíst. Ég geri ráð fyrir að markmið okkar allra sé það sama, að fá að sækja skólann með sem eðlilegustum hætti. Við þurfum öll, stjórnendur og starfsfólk, kennarar og nemendur að standa saman um að fylgja þeim reglum sem við setjum okkur í þeim tilgangi að halda skólanum opnum. Það þarf ekki nema eitt smit til að heill hópur sé sendur heim í sóttkví. Það ætlum við að forðast í lengstu lög.

Við hlökkum öll til vetrarstarfsins með ykkur og vonum að ykkur eigi eftir að líða vel í Myndlistaskólanum.

Fyrir hönd annarra stjórnenda og starfsfólks skólans,

Áslaug Thorlacius, skólameistari